

Ed.

## 261. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Í stað síðustu málsgreinar 3. greinar laganna komi 2 málsgreinir, svo hljóðandi:

Kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um gjaldskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með lögum nr. 36, 4. júní 1924, var Reykjavíkurborg heimilað að innheimta fasteignagjöld af húsum og lóðum í umdæminu. Í 3. grein laganna eru taldar upp þær eignir, sem eru undanþegar þessu fasteignagjaldi, og eru það samkvæmt 1. málsgrein fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur, og samkvæmt 3. málsgrein: »Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar«.

Í lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt (til ríkissjóðs), eru þessar fasteignir undanþegar skatti: »Fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðir í leiguabúð og leigulóðir. Ennfremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum«.

Eins og þessi löggjöf er nú, eru skólar, sjúkrahús og þinghús bæjarins undanþegin fasteignaskatti til ríkisins, og kirkjur slikt hið sama, ef til kæmi, en tilsvarendi húseignir ríkisins skattskyldar til bæjarins. Sem stendur greiðir ríkissjóður í fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar:

Af alþingishúsiu . . . . .	kr. 1826,80
— dómkirkjunni . . . . .	— 977,40
— mentaskólanum . . . . .	— 1094,40
— kennaraskólanum . . . . .	— 418,60
— stýrimannaskólanum . . . . .	— 354,20
Samtals	kr. 4671,40

Ennfremur gjald fyrir Laugarnesspítala, Kleppsspítala m. fl.

Það virðist með öllu óeðlilegt, að þær tegundir fasteigna, sem eru undanþegar fasteignaskatti til ríkissjóðs, gjaldi fasteignagjald í bæjarsjóð. Að vísu

hefir bærinn dálftinn sjerstakan kostnað af sóthreinsnn, sorphreinsnn og salerna-  
hreinsun þessara húsa, en hinsvegar fær bærinn vatnsskatt af þeim, sem vænt-  
anlega nægir fyrir þessum litlu beinu útgjöldum auk vatnsveitukostnaðarins.  
Gjald þetta yrði mjög tilfinnanlegt fyrir landsspitalann, og getur beinlínis orðið  
því til fyrirstöðu, að hjer verði byggðar veglegar kirkjur. Virðist því rjett, að hinar  
sömu eignir, sem eru undanþegnar fasteignaskatti, sjeu einnig undanþegnar fast-  
eignagjaldi til Reykjavíkurbæjar, og fer efni frv. í þá átt.